

# Samningur

42  
7. sept.

milli

póststjórnarinnar á Íslandi og póststjórnarinnar í Noregi.

Póststjórnirnar á Íslandi og í Noregi hafa, að fengnu umboði, komið sjer saman um eftirfarandi sjerstök ákvæði, viðvíkjandi brjefum og spjaldbrjefum, sem flutt eru með beinum skipaferðum milli Íslands og Noregs, eða sem aðeins fara um Norðurlönd (Danmörk, Noreg og Svíaríki):

1. Burðargjald undir almenn brjef og verðbrjef, er vega 20 gr. eða minna er . . . . . 20 aurar  
ef þyngdin er yfir 20 gr. að 125 gr. . . . . 40 —  
- — - — 125 — — 250 — . . . . . 60 —  
Brjef, sem vega yfir 250 gr., skal borgað undir að öllu leyti eftir ákvæðum alþjóða-póstsamningsins.
2. Burðargjald undir einfalt spjaldbrief er . . . . . 15 aurar  
og undir spjaldbrief með fyrirfram greiddu svari . . . . . 30 —
3. Undir óbörguð eða vanborguð brjef og spjaldbrief skal heimta burðargjald það, sem á vantar, og auk þess, með rjettri tilvísun, 20 aura og 15 aura fyrir hverja sendingu, þó ekki meira en tvöfalt burðargjald það, er á vantaði.
4. Meðmælingargjaldið er . . . . . 30 aurar.

Samningur þessi öðlast gildi fyrsta september 1922 og gildir um óákveðinn tíma. Hvor samningsaðili getur sagt honum upp fyrir sitt leyti með árs fyrirvara.

Í Reykjavík 1. ágúst 1922, og í Kristjáníu 17. ágúst 1922.

Hin norska póststjórn.

**S. Briem.**  
(L. S.)

**Sommerschild.**  
(L. S.)

---

*Klaus Helsing.*

Þetta gjörist hjermeð öllum kunnugt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, Reykjavík 7. sept. 1922.

**Sig. Eggerz.**

---

*S. Briem.*